

Íslenska Gámafélagið
Hrísmýri
800 Selfoss

2. febrúar 2026
UOS/M.S.

Fyrirvaralaust eftirlit 16. janúar 2026

Þann 16. janúar 2026 fóru tveir fulltrúar Umhverfis- og orkustofnunar í fyrirvaralaust eftirlit í Íslenska gámafélagið, Hellislandi, Árborg, í samræmi við 5. mgr. 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Borist hafði ábending um urðun án starfsleyfis. Með í eftirlitið kom fulltrúi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og þrír fulltrúar frá Brunavörnum Árnessýslu.

Pegar skoðaðar eru eldri loftmyndir sést að svæðið hefur stækkað til aust-suðaustur og hækkað, þess vegna líklegt að um urðun væri að ræða. Því var farið í eftirlitið.

Á staðnum var rekstrarstjóri svæðisins. Þá fór starfsmaður Íslenska gámafélagsins með um svæðið og sýndi efnið sem notað hefur verið í að hækka landið til aust-suðaustur. Gengið var um landið og er áætluð hæð um 10 m en það er þó ekki staðfest tala. Þegar gengið er um og skoðað, er jarðvegur í meirihluta ásamt trjákurli og plast sést víða. Vel sjást skil á milli gömlu hauganna og þess efnis sem bætt hefur verið við að undanfögnu og ljóst að töluverð hækkun hefur átt sér stað á landinu.

Rafrænn fundur var haldinn 29. janúar 2026 með umhverfisstjóra, rekstrarstjóra og gæðastjóra rekstraraðila ásamt fjórum fulltrúum Umhverfis- og orkustofnunar. Fulltrúar Umhverfis- og orkustofnunar gera grein fyrir heimsókninni og að talið sé að þarna sé urðun framkvæmd án starfsleyfis enda hafi efnið verið þarna lengur en 3 ár.

Fram kom í máli rekstraraðila að molta frá moltugerð sem nú hefur verið hætt og trjákurli sem ekki var hægt að flytja úr landi eftir eldsvoðann sumarið 2025 hafi verið blandað saman og smurt yfir sem þunnu lagi til þess að geta ræktað svæðið en einnig til að slökkva elda vegna eldsvoðans.

Frávík frá	Lýsing á fráviki
Lög nr. 7/1998 6. mgr.	Urðun án starfsleyfis. Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 er kveðið á um að allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV skuli hafa gilt starfsleyfi.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits